

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sjóðurinn Góði góði <sjodurinngodi@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 3. október 2023 11:01  
**To:** gogg@gogg.is; radhus@radhus.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; hruni@fludir.is; skeidagnup@skeidagnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; Móttaka Hveragerði; olfus@olfus.is  
**Subject:** Styrkur til sjóðsins góða  
**Attachments:** Fréttatikynning frá Sjóðnum góða 2023.docx

Góðan dag nú biðlum við til allra sveitafélaga að styrkja vel við sjóðin góða. Eins og fram kemur í bréfi þessu er mikil þörf. Og umsóknir til okkar berast úr öllum sveitafélögum. Með fyrirfram kveðju og þakklæti.  
fh. hönd sjóðsins Erla G Sigurjónsdóttir sjálfboðaliði.

## **Fréttatikynning frá Sjóðnum góða 2023**

Sjóðurinn góði veitti styrki úr sjóðnum í desember 2022 að upphæð 11.415.000 milljónir

Sjóðurinn góði var stofnaður 2008 í kjölfar bankahrunsins.

Sjóðurinn er samstarfverkefni Lionsklúbba,kvenfélaga, kirkjusókna, félagþjónustunnar í Árnessýslu og deilda Rauða krossins í Árnessýslu.

Hlutverk sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurftum fyrir jólin.

Gjafir til sjóðsins góða berast frá einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum og verslunum bæði í formi peninga og jólagjafa. Tölvubúnaður sem notaður er við umsóknir og úthlutanir hefur Tölvu og Rafeindaþjónustan, TRS lánað okkur án endurgjalds í nokkur ár.

Einnig má nefna húsnæði, veitingar, prjónles að ógleymdri mikilli sjálfbóðavinnu.

Starfshóp skipa fulltrúar áðurnefndra aðila og Hjálparstofnun kirkjunnar skipuleggja umsóknarferlið og annast úthlutun. Stuðst er við viðmið Hjálparstofnunar kirkjunnar varðandi mat á umsóknum.

Úthlutað er í desember úr sjóðnum vegna undirbúning jólanna og á vormánuðum vegna ferminga.

Allar umsóknir eru trúnaðarmál.

Í desember 2023 var úthlutað úr sjóðnum til 335 einstaklinga fjölskyldna

11.415.000 milljónir ásamt gjöfum frá ýmsum aðilum. Jólatré voru staðsett í Hveragerði og á Selfossi og hægt var að setja pakka þar undir til gjafa.

Hægt er að leggja inn á Sjóðinn góða allt árið um kring -325-13-301169 kt.560269-2269-

**Starfshópur Sjóðsins góða þakkar öllum þeim aðilum sem styrkt hafa sjóðinn á síðasta ári.**

Nú biðla ég til Sveitafélaga að leggja sjóðnum lið með fjárfram lagi því neyðin er mikil eins og undafarin ár. Á síðasta ári urðum við að lækka upphæðir til þessara einstaklinga því það var ekki til nóg í sjóðnum. Fólk sem sækir í sjóðinn er úr öllum þessum sveitafélögum.